

Nd.

208. Frumvarp til laga

[111. mál]

um breyting á lögum nr. 16 12. marz 1947, um menntun kennara.

Flm.: Jónas Rafnar, Gylfi Þ. Gislason.

1. gr.

1. másl. 38. gr. laganna orðist svo:
Stofna skal húsmæðrakennaraskóla.

2. gr.

39. gr. laganna orðist svo:
Þegar skólinn fær eigið húsnæði, skal þar vera heimavist fyrir nemendur, er húa sig undir kennarastörf við húsmæðraskóla.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðan húsmæðrakennaraskóli Íslands tók til starfa á árinu 1942, hefur hann verið til húsa í háskólakjallaranum. Nú bendir allt til þess, að háskólinn þurfi sjálfur á þessu húsnæði að halda strax á næsta ári. Kemst húsmæðrakennaraskólinn þá ekki hjá því að víkja og verða sér úti um annan húsakost.

Húsmæðrakennaraskólinn hefur merku hlutverki að gegna og því nauðsynlegt, að hann búi við sem bezt starfsskilyrði. Allt frá því er skólinn tók til starfa, mun hafa verið gert ráð fyrir því, að hann fengi eigið húsnæði eins og aðrar menntastofnanir landsins. Af ýmsum ástæðum hefur þó dregizt að byggja yfir skólann.

Á árinu 1943 var byggður húsmæðraskóli á Akureyri. Þar sem enn hefur ekki verið reist heimavist fyrir skólann, hefur mjög dregið úr aðsókn að honum nú síðari árin. Skólahúsið er vandað, búið fullkomnustu eldhústækjum og í alla staði vel úr garði gert. Skólanum fylgir stór lóð og góð aðstaða til garðræktar.

Í desembermánuði s. l. sendi skólanefnd Húsmæðraskóla Akureyrar menntamálaráðuneytinu eftirfarandi fundarsamþykkt:

„Verði áframhald á því, að ekki verði hægt að halda uppi húsmæðrakennslu við skólann sökum nemendafæðar, skorar nefndin á ráðuneytið að flytja húsmæðrakennaraskólann til Akureyrar, og fái hann húsnæði skólans til afnota, enda verði um það samið og gerður samningur milli hlutaðeigandi aðila.“

Yrði horfið að því ráði að flytja húsmæðrakennaraskólann til Akureyrar í húsa- kynni húsmæðraskólans, sparaðist kostnaður af nýrri byggingu. Þá yrði á skömmum tíma og með hægu móti unnt að leysa, að minnsta kosti í bili, húsnæðisvandræði bæði húsmæðrakennaraskólans og háskólans. Á húsi Húsmæðraskóla Akureyrar þyrfti aðeins að gera lítils háttar innanhússbreytingar til þess að fullnægja þörfum húsmæðrakennaraskólans.

VI. kafli laga nr. 16 frá 12. marz 1947 fjallar um húsmæðrakennaraskóla. Þar er tekið fram, að húsmæðrakennaraskóli skuli starfa í Reykjavík. Með frumvarpi þessu er lagt til að fella þetta ákvæði niður, svo að fræðslumálastjórnin geti ákveðið skólanum stað utan Reykjavíkur og nágrennis, ef æskilegt teldist. Eins og nú er háttað, virðist engin ástæða til þess að binda skólahaldið við Reykjavík, sízt af öllu, ef unnt er svo til þegar í stað að leysa húsnæðisvandræði stofnunarinnar á viðhlitandi hátt með því að leita út fyrir höfuðstaðinn.